

OMX I10	2.916 -0,38%	OMX C	1.647 1,53%	OMX H	10.315 1,51%	Dow Jones	31.288 2,15%	FTSE	7.159 1,69%
OMX N40	2.060 1,40%	OMX S	1.904 0,02%	OSEBX	1.160 0,76%	Nasdaq	11.452 1,79%	DAX	12.865 2,76%

Víða skortur á vinnuafli úti á landi

Sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun segir merki um þenslu á vinnumarkaði

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Vignir Ö. Hafþórsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir atvinnuleysi víða um land vera undir náttúrulegu atvinnuleysi og þar sé nær að tala um skort á vinnuafli. Samkvæmt júnískýrslu Vinnumálastofnunar var innan við 2% atvinnuleysi í þremur landshlutum og rétt rúmlega 2% atvinnuleysi á Suðurlandi og Norðurlandi

eystra (sjá graf). „Ef atvinnuleysi mælist 1-2% er það að mínu mati þenslumerki og bendir til skorts á vinnuafli,“ segir Vignir.

Purfa aðflutt vinnuafli

Spurður hvort það eigi þátt í litlu atvinnuleysi í sumum landshlutum að aðflutt starfsfólk hafi flutt á brott í faraldrinum segir Vignir erfitt að segja til um það. Hitt sé ljóst að þegar atvinnuleysi mælist

svo lítið þurfi aðflutt vinnuafli til að manna stöður, ekki síst í ferðaþjónustu.

Heldur meira atvinnuleysi er á höfuðborgarsvæðinu (3,7%) og á Suðurnesjum (5,8%) en úti á landi.


Vignir bendir á að atvinnuleysi á Suðurnesjum hafi mest farið í 24,5% í faraldrinum. Nánar tiltekið í janúar 2021. Það séu því mikil umskipti að það hafi farið niður í 5,8% í júní en svæðið reidi sig mikið á ferðaþjónustu. Varðandi síðarnefndu töluna bendir Vignir á að vissir ráðningarstyrkir Vinnumálastofnunar vegna starfsþjálfunar miðist við að atvinnuleysi sé að lágmarki 6%. Því sé atvinnuleysi á Suðurnesjum nú undir því lágmarki sem vitni um bata.

Breyst mikið milli ára


„Það var 13,7% atvinnuleysi á Suðurnesjum í júní í fyrra og hefur staðan breyst mikið milli ára. Þá var 2,3% og 2,6% atvinnuleysi á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum og því má segja að þar hafi ekki verið eiginlegt atvinnuleysi í rúm tveimur árum.“

Spurður hvað einkenni vinnumarkaðinn nú, í samanburði við

Þróun atvinnuleysis frá apríl 2020




Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi í niðursveiflum

Bankakreppan 2008



Kórónuveirufaraldurinn*



fyrri tímabil á þessari öld, segir Vignir einkennandi hvað batinn sé hraður.

„Það leið til dæmis þó nokkur tími frá bankahruninu þar til atvinnuleysi náði hámarki og að sama skapi leið langur tími þar til það gekk niður. Við vorum fram á mitt ár 2013 að ná jafnvægi á vinnumarkaði. Atvinnuleysi jókst líka mikið í faraldrinum en um leið og hömlum var aflétt varð viðspyrnan hröð og miklu sterkari en almennt var búist við,“ segir Vignir.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2022 og önnur gjaldfallin á löngd gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldrafra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvextum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Mikill viðsnúningur hjá Gjögri hf.

- Hagnaður félagsins 909 milljónir
- Tekjur félagsins 6,2 milljarðar

Logi Sigurðarson
logis@mbl.is

Hagnaður útgerðarfélagsgjögurs hf. nam 909 milljónum króna í fyrra. Þetta er mikill viðsnúningur frá 2020 þegar félagið tapaði tæpum 476 milljónum króna.

Betri afkomu félagsins má rekja til gengismunar og aukinnar sölu. Tekjur félagsins námu 6,2 milljörðum króna og jukust um 600 milljónir milli ára. Rekstrarhagnaður félagsins nam 5,25 milljörðum króna og jókst um 400 milljónir milli ára.

Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins fyrir árið 2021. Tekjur frá seldum aflá námu 6,16 milljörðum og aðrar tekjur námu 53 milljónum. Um helmingslækkun er á öðrum tekjum milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnslíði nam 966 milljónum og jókst um 230 milljónir milli ára.

Var tæplega 6 milljarðar

Eigið fé Gjögurs var í árslok um 5,86 milljarðar króna og handbætt fé frá rekstri nam 677 milljónum. Eiginfjárlutfall félagsins var 38% í árslok. Skuldir félagsins í lok árs námu 9,57 milljörðum króna, það er um 200 milljóna lækkun milli ára.

Bókfærður gengismunur nam tæpum 400 milljónum króna og batnaði verulega milli ára. Árið 2020 var



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Útgerð Félagið gerir út þrjú skip og rekur jafnframt fiskvinnslu.

bókfært milljarðs tap vegna gengismunar. Þetta útskýrir að stórum hluta bætta afkomu félagsins.

Stríðið hefur áhrif á fjárhaginn

Í ársreikningi segir að reikna megi með að stríðið í Úkraínu muni hafa áhrif á fjárhag félagsins en það hefur selt frosinn uppsjávarfisk til landsins undanfarnin ár. Fjárhagsleg staða Gjögurs sé sterk og engin hættla á að stríðið hafi áhrif á rekstrarhæfi þess. Að meðaltali störfuðu 85 manns hjá félaginu í fyrra, líkt og árið 2020. Gjögur gerir út skipin Hákon EA-148, Askel PH-48 og Vörð PH-44. Félagið rekur einnig fiskvinnslu á Grenivík.

16. júlí 2022			
Gengi	Kaup	Sala	Mið
Dollari			138.83
Sterlingspund			164.26
Kanadadalar			105.53
Dönsk króna			18.663
Norsk króna			13.546
Sænsk króna			13.101
Svissn. franki			141.14
Japanskt jen			0.999
SDR			181.49
Evra			138.9
Meðalgengi/Viðskiptavog þröng			171.4608